


4. desember 2023



# Fjárhagsvandi landbúnaðar

Niðurstöður ráðuneytisstjórahóps

| Stjórnarráð Íslands  
| Matvælaráðuneytið





# Efnisyfirlit

1.	Afkoma landbúnaðar	3
2.	Afkoma kúabúa	16
3.	Afkoma sauðfjárbúa	23
4.	Tillögur að aðgerðum	30
5.	Viðauki – Gögn	50




# Hluti 1 - Afkoma landbúnaðar



## Afkoma landbúnaðar er mun lakari árið 2023 en árin 2018-2022

Hagnaður / rekstrartap 2018-2023\*



\* Á föstu verðlagi 2022 í milljónum kr.

\* Áætlað fyrir 2023


\* Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

- Gögnin byggja á greiningu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) fyrir mjólkurframleiðslu, framleiðslu nautakjöts, sauðfjárrækt og garðyrkju (ylrækt og útiræktun grænmetis). Landbúnaður samtala er miðuð við þessar fjórar greinar en ekki allan landbúnað. Sjá nánar um gögnin á glærum 52-53.
- Samkvæmt greiningu RML er reiknað með taprekstri í mjólkur- og nautakjötframleiðslu árið 2023. Skýringar liggja fyrst og fremst í háu vaxtastigi og verðbólgu. Þá má jafnframt nefna að niðurstöður ársins 2022 hefðu líklega sýnt tap í öllum greinum hefði ekki verið fyrir aðgerðir stjórnvalda um aukinn stuðning árið 2022 vegna hækkandi aðfangakostnaðar og áhrifa covid-19 faraldursins (spretthópur og áburðargreiðslur).
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands sýna sambærilegar niðurstöður.



# Versnandi afkoma er í búrekstri

Hagnaður/tap af landbúnaðarstarfsemi 2018-2023\*



\* Á föstu verðlagi 2022 í milljónum kr.

\* Áætlað fyrir 2023


\* Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

- Á myndinni er búið að greina afkomu búgreinarinnar frá heildarrekstri og sýnir því hagnað/tap af viðkomandi landbúnaðarstarfsemi. Í greiningu RML var það mögulegt fyrir sauðfjárrækt og nautgripærækt en fyrir mjólkurframleiðslu og garðyrkju er miðað við hagnað/rekstrartap í heild.
- Á myndinni má sjá að afkoma sauðfjárræktar og nautakjötsframleiðslu hefur verið neikvæð allt tímabilið þegar horft er til afkomu af búgreininum sérstaklega. Afkoma sauðfjárræktar hefur farið batnandi frá árinu 2019 vegna afurðaverðshækkana og aðgerða stjórnvalda en enn gert er ráð fyrir tapi á árinu 2023.
- Ylrækt/útirækt grænmetis hefur skilað hagnaði á tímabilinu sem til skoðunar er en munur er á afkomu ylræktar og framleiðslu á útiræktuðu grænmeti.
- Samkvæmt greiningu RML er reiknað með taprekstri í mjólkur- og nautakjötfremleiðslu árið 2023. Skýringar liggja fyrst og fremst í háu vaxtastigi og verðbólgu.



# Hærrí fjármagnskostnaður er meginorsök rekstrarvanda í dag

Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum 2018-2023\*



\* Áætlað fyrir 2023


\* Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

- Fjármagnskostnaður sem hlutfall af heildarútgjöldum hækkar verulega frá 2021.
- Fjármagnskostnaður var framreiknaður að teknu tilliti til veginna stýrivaxtahækkana á árinu 2023 og verðbólgu.



# Rekstrartekjur hafa hækkað mismikið\*

## Rekstrartekjur meðalbús árið 2016




\*Á föstu verðlagi 2022  
Þróun rekstrartekna 2016-2022,  
Vísitala 2016 = 100  
Heimild: Hagstofa Íslands

- Á myndinni má sjá hvernig rekstrartekjur kúabúa, sauðfjárþúa, annarra nautgripabúa og garðyrkjubúa hafa þróast frá árinu 2016.
- Rekstrartekjur í mjólkurframleiðslu og sauðfjarrækt hafa aukist um 19% og 14% frá árinu 2016. Aukningin var mest árin 2021 og 2022 sem má m.a. rekja til hækkunar afurðaverðs í sauðfjarrækt og sérstakra aðgerða stjórnvalda vegna hækkunar áburðarverðs og annarra aðfanga, sem og áhrifa af covid-19 faraldursins og innrásar Rússa í Úkraínu.
- Frá árinu 2016 jukust samanlagðar rekstrartekjur kúabúa úr 25,5 milljörðum kr. í 30,5 milljarða kr. árið 2022. Á sama tímabili jukust rekstrartekjur sauðfjárþúa úr 13,8 milljörðum kr. í 15,8 milljarða kr.
- Rekstrartekjur annarra nautgripabúa hafa aukist um 61% á tímabilinu og voru 1,8 milljarðar kr. árið 2022 og bú í garðyrkju (garðrækt og plöntufjölgun) um 50% og voru rúmlega 90 milljarðar kr. árið 2022.
- Upplýsingar byggja á gögnum Hagstofu Íslands á föstu verðlagi. Búgreinaflokkun byggir á ÍSAT atvinnugreinaflokkun. Nánari skýringar á gögnum Hagstofu Íslands má finna á glæru 53.



# Aðfangakostnaður hefur aukist umfram almennt verðlag

Breytilegur kostnaður verðlagsgrundvallar kúabús - mars  
2019:100




- Verðhækkningar á ýmsum aðföngum í búrekstri hafa vegið þungt á undanförunum misserum í rekstri bænda, jafnvel áður en fjármagnskostnaður fór að þyngjast.
- Hagstofa Íslands reiknar breytingar á helstu kostnaðarliðum í kúabúskap til framreiknings á verðlagsgrundvelli kúabús ársfjórðungslega.
- Á myndinni sést hvernig aðfangakostnaður hefur fylgt takti vísitölu neysluverðs fram til loka ársins 2021, en síðan þá hafa aðföng í búrekstri hækkað umfram almennt verðlag, einkum áburður sem nær tvöfaldaðist í verði frá 2021 til 2022, en einnig kjarnfóður. Þessar hækkningar hafa ekki gengið til baka nema að hluta.





# Laun í landbúnaði hafa ekki hækkað, jafnvel ekki á nafnvirði

## Mánaðarlaun að meðaltali skv. framtali




Launakostnaður skv. skattframtölum,  
á verðlagi 2022..  
Heimild: Hagstofa Íslands.

- Í gögnum Hagstofunnar má sjá launakostnað skv. skattframtölum. Á myndinni að ofan má sjá að laun í kúabúskap og sauðfjarrækt hafa staðið í stað eða lækkað frá árinu 2016.
- Til hliðsjónar má sjá hvernig meðallaun bænda hefðu þróast hefðu þau fylgt launavísitölu og einnig má sjá meðallaun á Íslandi 2016 og 2022.



# Langtímaskuldir bænda hafa aukist

## Langtímaskuldir



- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa langtímaskuldir landbúnaðar á föstu verðlagi aukist um 12 milljarða kr. frá árinu 2016 til 2022.
- Þar af nemur aukning langtímaskulda kúabúa um 9 ma.kr.



## Aukning lána hjá Byggðastofnun, sér í lagi kynslóðalána

- Lán til landbúnaðar eru stærsti flokkur innan lánasafns Byggðastofnunar eða um 44% af heildarlánum. Undanfarin ár hafa hæstu lánsfjárhæðirnar farið til mjólkurframleiðslu, þá aðallega vegna fjósbygginga og jarðakaupa.
- Byggðastofnun veitir sérstök landbúnaðarlán vegna kynslóðaskipta. Möguleiki á að bjóða allt að 90% veðsetningu auk þess sem heimilt er að greiða eingöngu vexti fyrstu þrjú árin og stuðla þannig að nýliðun í landbúnaði. Lánaflokkurinn hefur verið eftirsóttur.
- Með hækkun vaxta undanfarið hefur greiðslubyrði lántakenda hækkað verulega. Lánskjör eru orðin íþyngjandi fyrir bændur, sér í lagi í tilfalli kynslóðaskipta.
- Í október 2023 ákvað stjórn Byggðastofnunar að lækka vaxtaálag á óverðtryggðum landbúnaðarlánum um 1 prósentustig. Þá var álag á lánum til kynslóðaskipta í landbúnaði lækkað um 1,3 prósentustig.



## Áhrif vaxtalækkana í landbúnaði

Dæmi um áhrif vaxtalækkana hjá Byggðastofnun

Kúabú með 300.000 ltr. mjólkurkvóta. Lánsfjárhæð upphaflega 175 m.kr., jafnar afborganir til 25 ára. Lánið er kynslóðaskiptalán á kjörnum 1M REIBOR + 2% (var REIBOR + 3,3% fyrir vaxtabreytingu 1. nóvember sl.).

- Greiðslubyrði 10.09.2023 var 1.960 þús.kr. (þ.a. 100 þús.kr. í afborgun af höfuðstól).
- Greiðslubyrði 10.12.2023 verður 1.800 þús.kr. (þ.a. 100 þús.kr. í afborgun af höfuðstól).
- Mismunurinn er 160 þús.kr. á mánuði eða um 1.9 m.kr. á ári.

Sauðfjárþú með 340 ærgildi. Lánsfjárhæð upphaflega 54 m.kr., jafnar afborganir til 23 ára. Lánið er kynslóðaskiptalán á kjörnum 1M REIBOR + 2% (var REIBOR + 3,3% fyrir vaxtabreytingu 1. nóvember sl.) og ber eingöngu vaxtagjalddaga til 5.10.2024.

- Vaxtagjalddagi 5.10.2023 var 588 þús.kr.
- Vaxtagjalddagi 5.12.2023 verður 530 þús.kr.
- Mismunurinn er 58 þús.kr. á mánuði eða um 0,7 m.kr. á ári.



## Ekki er aukning vanskila hjá bændum, lítið um skuldbreytingar

- Óskað var eftir upplýsingum frá viðskiptabönkunum um þróun lána til landbúnaðar síðustu 24 mánuði. Samhljómur var meðal lánastofnana um stöðu greinarinnar og almennt ekki þungar áhyggjur af lánasöfnum í landbúnaði. Ekki er marktæk önnur þróun vanskila hjá bændum en viðskiptavinum almennt en vandi skuldsettasta hópsins þó áhyggjuefni.
- Búgreinarnar eru ólíkar og skuldastaða þeirra mismunandi. Skuldsetning hefur verið mikil í mjólkurframleiðslu en skuldsetning hjá öðrum búgreinum s.s. sauðfjárrækt er lægri og oft fjölbreyttari tekjustofnar.
- Hæstu lánin hafa almennt verið að fara til kúabúa en þar hafa verið miklar fjárfestingar í nýjum fjósum, mjaltþjónum og greiðslumarki (kvóta). Þar hafa kynslóðaskipti kallað á mikla skuldsetningu.
- Rekstrarvirði er oft ekki í samræmi við eignavirði sem gerir erfiðara að standa undir fjárfestingunni.
- Búið er við því að skuldsettustu búin muni óska eftir skilmálabreytingum en það hafa ekki margir leitað aðstoðar enn og beiðni um að færa sig yfir í verðtryggð lán hefur farið hægt af stað.



## Niðurstöður

1. Mikill breytileiki er á milli búgreina í skuldsetningu og rekstrarniðurstöðum.
2. Rekstrartekjur hafa hækkað, m.a. vegna sértækra aðgerða stjórnvalda en aðfangakostnaður hefur aukist umfram almennt verðlag og ekki gengið til baka nema að hluta.
3. Laun í kúabúskap og sauðfjárrækt hafa staðið í stað eða lækkað frá árinu 2016.
4. Langtímaskuldir hafa aukist á árunum 2016-2022. Bændur í mjólkurframleiðslu eru almennt skuldsettari en í öðrum búgreinum vegna samþjöppunar og fjárfestinga.
5. Fjármagnskostnaður hefur hækkað mikið frá árinu 2021.
6. Aukning lána hjá Byggðastofnun, sér í lagi kynslóðalána. Vanskil bænda hafa ekki aukist hjá lánastofnunum en vandi skuldsettasta hópsins er áhyggjuefni.



## Niðurstöður

7. Í heild hefur afkoma af sauðfjárrækt og nautakjötsframleiðslu verið neikvæð undanfarin ár. Spáð er taprekstri í mjólkurframleiðslu árið 2023.
8. Samkvæmt greiningu RML er ljóst að þeir sem hafa nýlega staðið í stórum fjárfestingum eru í erfiðleikum.
9. Bú sem skulda meira en tvöfalda veltu í mjólkurframleiðslu og ársveltu í sauðfjár- og nautgriparækt eru mörg í lausafjárvanda vegna fjármagnskostnaðar. Það kemur niður á launagreiðslugetu og þar með afkomu.
10. Það einkennir þessa hópa að þeir treysta í vaxandi mæli á aðrar tekjur en af búskapnum og margir sækja launavinnu utan bús.




## Hluti 2 - Afkoma kúabúa





# Erfiður rekstur kúabúa á árinu 2022

Rekstur skuldsettasta fjórðungs meðalkúabúa 2022




Heimild: Hagstofa Íslands  
Myndin sýnir rekstrarreikning  
skuldsettasta fjórðungs meðalkúabúa.  
Nánari skýringar á gögnum má finna á glæru 53.



# Rekstrartekjur tekjuhæsta fjórðungs kúabúa aukast hlutfallslega mest

Rekstrartekjur meðalkúabús eftir tekjuskiptum fjórðungum




Rekstrartekjur á föstu verðlagi 2022.

Heimild: Hagstofa Íslands.

- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands um rekstur kúabúa á árunum 2016-2022 má sjá að rekstrartekjur þess fjórðungs kúabúa sem hafa hæstu rekstrartekjurnar aukast hlutfallslega meira en í öðrum fjórðungum á tímabilinu. Það bendir til þess að áframhald sé á samþjöppun í greininni.

# Mjólkurframleiðsla krefst umtalsverðra fjárfestinga


## Langtímaskuldir kúabúa 2022 - dreifing



- Myndirnar sýna hvernig langtímaskuldir í árslok 2022 dreifast meðal kúabúa, raðað frá hæstu langtímaskuldum til þeirra lægstu.
- Myndirnar sýna ekki einstaka bændur sem hafa engar langtímaskuldir skv. skattframtölum eða um 28% kúabænda (skv. gögnum Hagstofunnar, en gögnin eru flokkuð eftir ÍSAT atvinnugreinaflokkun og skal hafa í huga að aðilar geta verið í mismiklum rekstri). Með hliðsjón af öðrum upplýsingum má áætla að skuldlausir kúabændur séu nær 20%.
- Aðilar sem eru vinstra megin á dreifingunni (skyggður flötur) eru skuldsettasti hópurinn og því almennt viðkvæmasti hópurinn fyrir hækkun fjármagnskostnaðar.

# Skuldaaukning er hlutfallslega mest hjá skuldsettasta fjórðungi kúabænda

## Langtímaskuldir kúabúa eftir fjórðungum (meðaltal)




Á föstu verðlagi 2022.  
Heimild: Hagstofa Íslands

- Myndin að ofan sýnir stöðu langtímaskulda kúabúa á föstu verðlagi. Greininni hefur verið skipt upp í fjórðunga eftir skuldastöðu, frá þeim fjórðungi (4.) mest skuldsettu til þess fjórðungs sem minnstar skuldir ber (1.). Fimmti „fjórðungurinn“ er sá hópur sem hafði engar langtímaskuldir í árslok 2022.
- Líkt og sjá má á myndinni er skuldastaða mismikil milli fjórðunga og hafa langtímaskuldir skuldsettasta fjórðungsins aukist um tæp 50% milli 2016 til 2022. Skuldastaða hjá öðrum fjórðungum hefur staðið í stað eða dregist saman.
- Fjöldi aðila í hverjum fjórðungi er tilgreindur innan sviga á myndunum.
- 179 í viðbót eru ekki skráð með neinar skuldir samkvæmt gögnum Hagstofunnar og eru ekki með í heildartölum



# Vaxtagjöld eru þungur baggi á skuldsettum kúabúum

## Vaxtagjöld og verðbætur kúabúa



Á föstu verðlagi 2022  
Heimild: Hagstofa Íslands

- Á myndinni má sjá samanlagða fjárhæð verðbóta og vaxtagjalda í árslok 2016 og 2022 (skv. skattframtali rekstraraðila - rsk104 3640 Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.)
- Áætla má talsverða hækkun árið 2023.



## Niðurstöður

1. Mikill breytileiki er í skuldsetningu og rekstri milli kúabúa.
2. Rekstrartekjur efsta fjórðungs kúabúa aukast hlutfallslega mest sem bendir til þess að áframhald sé á samþjöppun í greininni.
3. Rekstur skuldsettustu kúabúanna skilaði tapi árið 2022 þrátt fyrir tekjuhækkun. Ólíklegt að niðurstaðan 2023 verði betri.
4. Fjórðungur kúabúa er með yfir 200 m.kr. langtímaskuldir að meðaltali og hafa þær aukist um tæp 50% á síðustu sex árum.
5. Aukin skuldsetning hlutfallslega er mest hjá þeim fjórðungi kúabænda sem eru með mestar skuldir. Þeir eru því almennt viðkvæmasti hópurinn fyrir hækkun fjármagnskostnaðar.
6. Samkvæmt greiningu byggðri á gögnum Hagstofu Íslands eru 20% kúabænda skuldlausir.




# Hluti 3 - Afkoma sauðfjárbúa



# Erfiður rekstur sauðfjárbúa á árinu 2022

## Rekstur skuldsettasta fjórðungs meðalsauðfjárbúa 2022




Heimild: Hagstofa Íslands  
Myndin sýnir rekstrarreikning meðalsauðfjárbús í skuldsettasta fjórðungi. Nánari skýringar á gögnum má finna á glæru 53.





# Rekstrartekjur tekjuhæsta fjórðungs sauðfjárbúa aukast hlutfallslega mest

## Rekstrartekjur meðalsauðfjárbús eftir tekjuskiptum fjórðungum




Rekstrartekjur á föstu verðlagi 2022.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands um rekstur sauðfjárbúa á árunum 2016-2022 má sjá að rekstrartekjur þess fjórðungs sauðfjárbúa sem hafa hæstu rekstrartekjurnar aukast hlutfallslega meira en í öðrum fjórðungum á tímabilinu.
- Gögnin sýna samanlagðar rekstrartekjur búsins, þ.e. vegna landbúnaðarstarfsemi og annarrar starfsemi.

# Stór hluti sauðfjárbænda er með litlar eða engar skuldir


## Langtímaskuldir sauðfjárbúa 2022 - dreifing



- Myndin sýnir hvernig langtímaskuldir í árslok 2022 dreifast meðal sauðfjárbúa, raðað frá hæstu langtímaskuldum til þeirra lægstu.
- Myndin sýnir ekki einstaka bændur sem hafa engar langtímaskuldir skv. skattframtölum eða um 56% sauðfjárbænda (skv. gögnum Hagstofunnar, en gögnin eru flokkuð eftir ÍSAT atvinnugreinaflokkun og skal hafa í huga að aðilar geta verið í mismiklum rekstri). Með hliðsjón af öðrum upplýsingum má áætla að skuldlausir sauðfjárbændur séu nær 45%.
- Aðilar sem eru vinstra megin á dreifingunni (skyggður flötur) eru skuldsettasti hópurinn og því almennt viðkvæmasti hópurinn fyrir hækkun vaxta.

## Skuldaaukning er hlutfallslega mest hjá skuldsettasta fjórðungi sauðfjárbúa

Langtímaskuldir sauðfjárbúa eftir skuldsettum fjórðungum (meðaltal)




Heimild: Hagstofa Íslands

- Myndin að ofan sýnir stöðu langtímaskulda á föstu verðlagi. Hvorri grein fyrir sig hefur verið skipt upp í fjórðunga eftir skuldastöðu, frá þeim fjórðungi (4.) mest skuldsettu til þess fjórðungs sem minnstar skuldir ber (1.).
- Líkt og sjá má á myndunum er skuldastaða mismikil milli hópa og hefur skuldsetning skuldsettustu fjórðunganna aukist nokkuð á milli 2016 til 2022. Skuldastaða í öðrum fjórðungum hefur staðið í stað eða dregist saman.
- Fjöldi aðila í hverjum fjórðungi er tilgreindur innan sviga á myndunum.
- 768 í viðbót eru ekki skráð með neinar skuldir samkvæmt gögnum Hagstofunnar og eru ekki með í heildartölum



# Vaxtagjöld eru þungur baggi á skuldsettum sauðfjárbúum

## Vaxtagjöld og verðbætur sauðfjárbúa



Heimild: Hagstofa Íslands

- Á myndinni má sjá samantagða fjárhæð verðbóta og vaxtagjalda í árslok 2016 og 2022 (Skv. skattframtali rekstraraðila - rsk104 3640 Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.)
- Áætla má talsverða hækkun árið 2023.



## Niðurstöður

1. Mikill breytileiki er í skuldsetningu og rekstri sauðfjárbúa.
2. Afkoma í sauðfjárrækt hefur verið léleg um árabíl. Aðgerðir stjórnvalda og afurðaverðshækkanir hafa þó bætt stöðuna 2021 og 2022.
3. Rekstrartekjur sauðfjárbúa með hæstu rekstrartekjurnar aukast hlutfallslega meira en í öðrum fjórðungum.
4. Algengt er að sækja launavinnu utan bús. Árið 2022 voru afurðatekjur, opinber stuðningur og aðrar tekjur sauðfjárbúa áþekkur hluti heildartekna, eða 30-35% hver þáttur.
5. Skuldastaða er mismikil á milli búa og 45% sauðfjárbænda eru með litlar eða engar skuldir samkvæmt greiningu byggðri á gögnum Hagstofu Íslands. Fjárfesting hefur verið lítil undanfarin ár.
6. Hækkun fjármagnskostnaðar er erfið fyrir skuldsettustu sauðfjárbændurna.



# Hluti 4 – Tillögur að aðgerðum





## Vandi bænda til skemmri og lengri tíma

Vandi til skemmri tíma: Áskoranir innan ákveðins hluta greinarinnar sem rekja má til hækkunar á fjármagnskostnaði og langvarandi afkomubrests í sauðfjárrækt

- Rekstur bóa er nátengdur heimilum og fjármunamyndun er hæg, einkum í nautgripa- og sauðfjárrækt.
- Mikilvægt er að bregðast við stöðunni m.t.t. byggðasjónarmiða og fæðuöryggis.

Vandi til lengri tíma: Framleiðni og veikleikar í stuðningskerfi landbúnaðarins

- Tækifæri til að auka hagræðingu og bæta framleiðni.
- Óskilvirkt stuðningskerfi sem samræmist ekki þörfum atvinnugreina eða stefnu stjórnvalda. Endurtekið hefur þurft að grípa til sértækra aðgerða.



## Ungir bændur í sérstökum erfiðleikum

- Tryggja þarf eðlilega nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði.
- Kynslóðaskiptalán hafa verið eftirsótt hjá Byggðastofnun og hafa kynslóðaskipti á 30 búum á Íslandi verið fjármögnuð úr þessum lánafllokki frá árinu 2020. Í núverandi efnahagsástandi reynist 10% eiginfjárframlag vera áskorun auk þess sem fjármagnskostnaður af 90% láni er hár í núverandi vaxtaumhverfi.
- Hækkun fjármagnskostnaðar leggst þungt á unga bændur sem lagt hafa í lántöku vegna jarðakaupa og fjárfestinga í landbúnaði. Þeir skulda meira en aðrir hópar samkvæmt greiningu matvælaráðuneytis.





# Tillaga 1 – ungbændastuðningur



## Ungbændastuðningur – 600 m.kr.


- 206 nýliðar sóttu um stuðning 2017-23 vegna fjárfestinga upp á 15,6 milljarða kr. Þeir fengu alls greiddan tæpan milljarð í nýliðunarstyrki.

### Almennar reglur um nýliðunarstuðning

- Nýliðunarstuðningur er stuðningsflokkur í rammisamningi um almenn starfskilyrði landbúnaðarins.
- Stuðningur veittur einstaklingum vegna kaupa á búrekstri, þ.m.t. bújörðum og getur verið allt að 20% af fjárfestingu, hámark níu m.kr.
- Stuðningurinn nær til allra búgreina.
- Meðal skilyrða fyrir úthlutun er að umsækjandi er á aldrinum 18-40 ára.
- Gera má ráð fyrir að flestir eða allir sem hefja búskap sækji um stuðninginn.



## Tillaga um ungbændastuðning



- 600. m.kr. álagsgreiðsla greidd á grundvelli fjárfestingar skv. umsóknum um nýliðunarstuðning.
- Álagsgreiðsla verður 3,85% af heildarfjárfestingu sem greiðist til 205 bænda.
- 63% í viðbót við áður greiddan nýliðunarstuðning.
- Nýliðunarstuðningur lagður til grundvallar við útfærslu á tillöggunni. Með því að leggja fjárfestingu að baki umsóknum til grundvallar viðbótarstuðningi næst til allra umsækjenda óháð forgangsreglum. Allir sem skiluðu gildri umsókn en fengu e.t.v. ekki styrk vegna forgangsreglna fá þennan stuðning.
- Á myndinni má sjá dreifingu viðbótarstuðnings.



# Tillaga 2 – viðbót við fjárfestingastuðning



## Viðbótarfjárfestingastuðningur – 450 m.kr.


- Stuðningsflokkar í búvörusamningum nautgriparræktar og sauðfjárræktar
- Alls fengu 231 fjárfestingastyrki í nautgriparrækt 2017-23 vegna fjárfestinga upp á 9,7 milljarða króna. Þeir fengu samtals styrki upp á tæpan 1,5 milljarð króna
- Alls fengu 167 fjárfestingastyrki í sauðfjárrækt 2017-23 vegna fjárfestinga upp á 1,6 milljarða króna. Þeir fengu samtals styrki upp á tæpar 300 milljónir króna.

### Almennar reglur um fjárfestingastuðning

- Stuðningur veittur til nýframkvæmda og endurbóta gripahúsa.
- Stuðningur allt að 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina m.kr.
- Nánast allar framkvæmdir við gripahús vegna mjólkur- nautakjöts- og kindakjötsframleiðslu falla undir stuðninginn.
- Uppgjör á framkvæmdakostnaði meðal skilyrða fyrir því að fá stuðninginn greiddan.



## Tillaga um viðbótarfjárfestingstuðning - nautgriparækt




Meðal viðbótarstuðningur 1,7 m.kr.

- 386 m.kr. álagsgreiðsla á grundvelli fjárfestingar skv. fjárfestingastuðningi til nautgripabænda.
- Fjöldi bænda sem fá stuðning: 231
- Heildarfjárfesting á árunum 2017-2023 er 9,7 ma.kr. og meðal fjárfesting var 42,1 m.kr.
- Álagsgreiðsla verður 3,97% af heildarfjárfestingu.
- 26% í viðbót við áður greiddan fjárfestingastuðning
- Á myndinni má sjá dreifingu viðbótarstuðnings.



## Tillaga um viðbótarfjárfestingstuðning - sauðfjárrækt



- 64 m.kr. álagsgreiðsla á grundvelli fjárfestingar skv. fjárfestingastuðningi til sauðfjárþænda.
- Fjöldi sauðfjárþænda sem fá stuðning: 167
- Heildarfjárfesting á árunum 2017-2023 er 1,6 ma.kr. og meðal fjárfesting er 9,6 m.kr.
- Álagsgreiðsla verður 3,97% af heildarfjárfestingu.
- 23% í viðbót við áður greiddan fjárfestingastuðning
- Á myndinni má sjá dreifingu viðbótarstuðnings.



# Tillaga 3 – viðbót við býlisstuðning






## Viðbótarbýlisstuðningur – 450 m.kr.

- Stuðningsflokkur í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar.
- Markmið að styrkja byggð og styðja við fjölskyldubú.
- Stuðningur greiddur út á grundvelli fjölda vetrarfóðraðra kinda á hverju búi.
- Lagt til að stuðningur verði greiddur til þeirra sem eru með 300 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri og eru af þeim sökum hvað háðastir tekjum af greininni.
- Býlisstuðningur er vaxandi hlutfall af heildargreiðslum til sauðfjárbænda skv. gildandi búvörusamningi en vægi beingreiðslna á greiðslumark minnkar á móti.

## Tillaga um viðbótarbýlisstuðning

Fjárhæðir eftir stærð búa






# Tillaga 4 – viðbótargreiðslur á holdakýr



## Viðbótargripagreiðslur á holdakýr – 100 m.kr.

- Stuðningsflokkur í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar
- Ætlaðar til að styðja við framleiðslu nautakjöts
- Stuðningur greiddur út á grundvelli fjölda holdakúa á ársgrundvelli, skerðist þegar fjöldi fer yfir 200
- Rúmar 300 milljónir króna greiddar 2023 til 134 framleiðenda
- Tillaga um 100 milljónir króna í álag til að vega á móti lélegri afkomu á sama hátt og viðbótarbýlisstuðningur í sauðfjarrækt
- Meðalviðbótargreiðsla tæpar 750 þúsund krónur.

## Tillaga um viðbótargripagreiðslur á holdakýr






## Alls fá 982 framleiðendur viðbótarstuðning úr 5 greiðsluflokkum

Þar af fá 747 eina tegund greiðslu, aðrir fá greitt úr tveimur eða fleiri greiðsluflokkum

Fjöldi bænda	Fjöldi greiðsluflokka
747	1
210	2
20	3
4	4
1	5

## Samanlagður stuðningur við 982 bú

Meðal viðbótarstuðningur 1,6 millj kr.





## Aðgerðir til framtíðar

### Aðgerðir sem stuðla að aukinni rekstrarhagkvæmni í landbúnaði og samræmast áherslum stjórnvalda

- Matvælaráðuneytið vinni að aðgerðum sem stuðla að aukinni rekstrarhagkvæmni sem jafnframt taka mið af loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Stuðlað verði að aðgerðum sem auka framleiðni og bæta nýtingu aðfanga, til dæmis varðandi bættu nýtingu áburðar og bættu fóðrun. Þá verði skoðuð tækifæri sem felast í kyngreiningu á sæði í nautgriparækt.

### Breytingar á stuðningskerfi landbúnaðar

- Núverandi kerfi endurspeglar hvorki þarfir atvinnugreinarinnar í heild né stefnu stjórnvalda á málefnasviðinu.
- Breyta þarf áherslum þannig að stutt verði við fjölbreyttari starfsemi og framleiðslu landbúnaðarafurða, í samræmi við áherslur landbúnaðarstefnu.





## Aðrar aðgerðir

- Lánakjör og úrræði
- Hagtölusöfnun í landbúnaði
- Afleysingaþjónusta bænda
- Tækifæri til hagræðingar og samstarfs
- Kyngreining á nautgripasæði



## Aðgerðir eru í ágætu samræmi við aðgerðir í nálægum ríkjum

- Erfitt er að setja sértækar stuðningsaðgerðir í íslenskt samhengi þar sem viðbótarstuðningi er ætlað að mæta sértækum erfiðleikum í hverju landi á hverjum tíma.
- Helst þykir rétt að horfa til Noregs og bera saman við aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi.
- Umfang landbúnaðarframleiðslu í Noregi er 12-15 sinnum stærra en á Íslandi og þjóðarframleiðsla á mann um 30% meiri.
- Noregur hefur ráðstafað 11 milljörðum NOK til að mæta áföllum árunum 2021-2024 sem gæti þá samsvarað um 6-7 milljörðum íslenskra króna á þessum fjórum árum.
- Sértækar stuðningsaðgerðir í landbúnaði á Íslandi á árunum 2018-2022 nema um 5,5 milljörðum á verðlagi ársins 2023.
- Heildarstuðningsaðgerðir á tímabilinu eru því í ágætu samræmi við aðgerðir í Noregi.



# Hluti 5 – Viðauki - Gögn



## Greining RML á stöðu landbúnaðar 2023

- Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) vann greiningu á afkomu í landbúnaði 2018-2022 og afkomuspá fyrir árið 2023. Greiningin var unnin að beiðni ráðuneytisstjórahópsins.
- Greiningin byggir á gagnagrunnum RML um rekstur bænda í fjórum búgreinum frá árinu 2018-2022. Gögnin eru fengin frá þátttakendum í rekstrarverkefni RML.
- Greiningin byggir á gögnum frá 125 kúabúum í mjólkurframleiðslu með vægi 32% af innlendri mjólkurframleiðslu árið 2022, 30 nautgripabúum með vægi 16% af innlendri nautakjötsframleiðslu árið 2022, 110 sauðfjárbúum með vægi 16% dilkakjötsframleiðslu landsins árið 2022 og 50 framleiðendum í ylraekt/útiræktun grænmetis sem fengu alls 90% stuðningsgreiðslna 2021 og 2022. Niðurstöður greininga á þessum gögnum eru lagðar til grundvallar við mat á heildarafkomu búgreinanna á viðkomandi ári.
- Lagt var mat á þróunina í viðkomandi greinum árið 2023, sem m.a. er byggt á hálfárs uppgjöri einstakra bóa. Þar er meðal annars horft til þróunar á afurðaverði og útgjalda vegna aðfanga, svo sem fóðri, áburði, olíu, rúlluplasti og aðkeyptri þjónustu auk fjármagnskostnaðar. Launaliðir eru almennt framreiknaðir miðað við hlutfallslega hækkun reiknaðs endurgjalds skv. RSK, eða um 8%.
- Uppgjör rekstrarverkefna fyrir árið 2022 er ekki formlega lokið hjá RML og gagnaöflun stendur enn yfir. Engu að síður eru gagnasöfnin orðin nægilega stór til að gefa sterkar vísbindingar um þróun afkomu viðkomandi búgreina.



## Upplýsingar frá Hagstofu Íslands

- Hagstofa Íslands birtir árlega rekstrar- og efnahagsyfirlit landbúnaðarins sem byggð eru á skattframtölum aðila í landbúnaði.
- Hagstofa Íslands vann gögn sérstaklega fyrir ráðuneytisstjórahópinn með bráðabirgðaupplýsingum um árið 2022.  
Búum var skipt upp í búgreinar eftir skráningum í ÍSAT atvinnugreinaflokkun. Búum í hverri búgrein var jafnframt skipt upp í fjórðunga eftir stöðu innan búgreinar eftir langtímaskuldum, rekstrartekjum, vaxtagjöldum/skuldum og vaxtagjöldum/tekjum. Búgreinaflokkunin kann að skarast á við þá flokkun sem birt er á vefsíðu Hagstofunnar.
- Fjöldi: Tölur um fjölda eiga við um alla aðila í landbúnaði sem skila rekstrarframtali og geta t.d. innihaldið aðila án tekna sem þó hafa eignir og skuldir á árinu.
- Flokkurinn „Önnur bú“ eru aðilar í landbúnaði sem eru skráðir í aðra atvinnugreinaflokkka landbúnaðarins en eiga einungis við um nautgripabú, bú í mjólkurframleiðslu, sauðfjárbú eða garðyrkju. Sá flokkur kann að innihalda aðila sem má flokka í hina fjóra flokkana.
- Tölur fyrir árið 2022 eru til bráðabirgða og hafa ekki verið opinberlega birtar. Fjöldi í flokkum árið 2022 eru eftirfarandi: annar landbúnaður: 919, garðyrkja (garðrækt og plöntufjölgun): 189, kúabú 635, sauðfjárbú: 1.372 og önnur nautgripabú: 81.